

11. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2016-2017

Þriðjudaginn 1. desember kl. 18.00 var haldinn 11. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

Lögð var fram fundargerð 10. fundar og var hún samþykkt og staðfest með undirritun fundarmanna þess fundar.

Dagskrá:

- 1. Samþykkt fundargerðar 10. fundar stjórnar**
- 2. Umsókn Fuglahundadeildar um veiðipróf fyrir meginlandshunda**

Á 10. fundi stjórnar var ákveðið að frekari kynningar þyrfti við vegna veiðiprófs fyrir meginlandshunda. Fulltrúar Fuglahundadeildar voru boðaðir á fund stjórnar kl. 18.00 og svöruðu spurningum.

Þeir hundar sem tilheyra tegundahópi 7 eru ekki allir sömu eiginleikum gæddir og eru í raun ræktaðir til að stunda mismunandi veiði eftir hverri tegund fyrir sig. Eftirfarandi tegundir eru gæddar þeim eiginleikum að vinna nálægt veiðimanninum, benda á bráð, sækja bráð og spora eftir særðri bráð: Weimaraner, Pudelpointer, Vizsla og Italian pointing dog. Hins vegar eru tegundir innan tegundahóps 7 sem tilheyra flokki enskra hunda en þær eru ræktaðar til að vinna sjálfstætt í meiri fjarlægð frá veiðimanni og eru heiðarprófin sniðin að eðli þeirra.

Samkvæmt fulltrúum FHD hafa erlendir dómara gert vettvangskönnun á landslagi sem hentar fyrir veiðipróf fyrir meginlandshunda og eru ýmsir möguleikar sem koma til greina fyrir prófin og henta vel. Bráð er einnig til staðar en erlendir dómara hafa mælt með notkun rjúpu.

Stjórn ákvað að vísa erindinu til dómaraáðs til umsagnar.

- 3. Umsóknir um veiðipróf**

Veiðiprófanefnd hefur farið yfir umsóknir frá Fuglahundadeild, Deild ensks setters, Vorstehdeild og Írsk setter deild og sendi Veiðiprófanefnd stjórn samþykki sitt ásamt þeim umsóknum sem vantaði fyrir tegundahóp 7 (FHD og DESÍ).

Fjölgun prófa hjá FHD vekur athygli þrátt fyrir stofnun sérdeildar um enskan setter. Eins vekur athygli áætlun um mikinn fjöldi prófa hjá Deild ensks setters. Ýmis atriði þarfnast staðfestingar og/eða skýringa skrifstofu eða frá stjórnnum deilda.

Verkefnastjóra er falið að afla upplýsinga og gagna frá deildum varðandi þessi atriði svo stjórn geti fjallar efnislega um umsóknirnar.

4. Umsókn um vinnupróf Retrieverdeildar til viðbótar við fyrirhugaða dagskrá ársins 2017

Retrieverdeild sækir um fjögur vinnupróf (hlýðnipróf) til viðbótar við fyrirhugaða dagskrá deildarinnar árið 2017.
Samþykkt af stjórn.

5. Gjaldskrá HRFÍ

Á 10. fundi stjórnar voru ýmsar tillögur að breytingu gjaldskrár ræddar og var verkefnastjóra falið að taka þær saman. Tillögurnar voru ræddar og var stjórn sammála um breytingu á ýmsum liðum gjaldskrárinnar. Vegna kjarasamningsbundinna hækkana á launum var nauðsynlegt að hækka hóflega einhverja liði. Reynt var að stilla hækkun á þjónustu við félagsmenn í hof og hækka frekar þjónustu við utanfélagsmenn. Þeir liðir sem hækkaðir voru fyrir árið 2016 voru ekki hækkaðir aftur. Gjaldskráin tekur gildi næstu áramót.

6. Vinnuhundaneynd

Stjórn skipar Silju Unnarsdóttur, Þórhildi Bjartmarz, Hildi Pálsdóttur og Kristjönu Guðrúnu Bergsveinsdóttur í Vinnuhundaneynd og mun Silja taka að sér formennsku nefndarinnar. Nefndinni verður falið að endurvekja Vinnuhundaneynd á ársfundi deildarinnar í mars 2017.

7. Önnur mál

Stjórn ræddi um myndbirtingar á heimasíðum deilda félagsins.

Fundi slitið kl. 20.00. Næsti fundur boðaður þriðjudaginn 10. janúar nk.

Herdís Hallmarsdóttir, Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir.